

Skólanefndarfundur 16.12.2021 kl.12:00 í húsnæði skólans

Mættir: Helga Kristín Kolbeins, Thelma Björk Gísladóttir, Íris Róbertsdóttir, Hafþór Logi Sigurðsson, Leifur Jóhannsson, Daníel Geir Moritz, Lovísa Ágústsdóttir, Helga Björg Ólafsdóttir og Gunnar Friðfinnsson. Helga Jóhanna Harðardóttir boðaði forföll.

Fundarstjóri: Helga Kristín Kolbeins, skólameistari

Fundarritari: Thelma Björk Gísladóttir, aðstoðarskólameistari

Fundarefni:

- Skólahald á haustönn
- Annarlok
- Umhverfismál
- Reksturinn
- Skólapúlsinn
- Skipulag vorannar
- Fjárlög skólans

Umræður:

Skólahald á haustönn og annarlok

- Skráðir nemendur við skólann 222 – nemendur sem fá lokamat 219
- Námsmat annarinnar var skipt upp í fjórar vörður – gekk vel en stutt á milli námsmats og til skoðunar að fækka vörðum niður í þrjár á vorönninni þó haldið verði áfram að fylgjast vel með stöðu nemenda.
- Við nánari skoðun á námsmati er marktæk fylgni milli námsmats á önninni og lokamats. Enn er verið að vinna með tölfræði annarinnar. Niðurstöður koma í vikunni í tölvupósti til nefndar.
- Skipting nemenda á námsbrautir – iðnám hefur aukist til muna en nemendur á stúdentsbrautum er komið niður í 55% og þar þarf að gefa í og fá fleiri nemendur inn.
- Brotthvarf í sögulegu lágmarki í FÍV á þessu skólaári eða 2%
- Brautskráning 18.12.2021 á sal skólans – 11 nemendur útskrifast

Umhverfismál

- Skólinn hefur fengið 5 græn skref af 5 mögulegum. Stefnt á að fá umhverfisvottun á vorönn 2021. Skólinn er einnig með græn bókhald. Kolefnisjöfnunin er keypt erlendis frá en stefnt er á að kolefnisjafna héraðs þegar það verður hægt.
- Bókun, formaður skólanefndar hrósar skólanum og er ánægð með þau skref sem skólinn hefur unnið í á skólaárinu. Með þessu er verið að planta fræjum í alla starfsemi skólans, starfsfólk, nemenda og annarra hagsmunaaðila.

Reksturinn:

- Reksturinn er í jafnvægi. Tveir liðir yfir áætlun en innan við 1% - launaliðurinn og húsnæðisliðurinn. Liðurinn ferðir og fundir er hins vegar 40% undir áætlun en að gefnu tilefni.

Skólapúlsinn:

- Námsáhuginn hefur minnkað og kynjamunurinn lítill sem enginn.
- Ákveðið hefur verið að halda áfram að taka þátt í slíkum mælingum, jafnvel örar en áður á meðan við erum á tímum Covid og nokkur ár eftir það þar til við fáum raunhæfar tölur til samanburðar við árið 2019 þegar allt gekk vel.
- Nemendum vantar aðstoð við að skipuleggja nám, bæði kennarar og nemendur sjálfir eru sammála því að þörfin sé til staðar.
- Nemendur eru með færri óútskýrðar fjarvistir hér miðað við aðra skóla á landinu.
- Formlegar skylda utan skólans er meiri hjá stúlkum en drengjum og niðurstöður sýna að nemendur FÍV eru að vinna meira með skóla en aðrir nemendur á landsvísu. Tómsundur og íþróttaiðkun hefur minnkað gríðarlega hér og er nú að nálgast landsmeðaltal.
- Líðan nemenda í FÍV er örlítið betri en á landsvísu og hefur minnkað töluvert á síðustu tveimur árum, sama á við um sjálfsáliti nemenda og hamingju þeirra.
- Þunglyndi nemenda hefur ekki aukist eins mikið hjá nemendum í FÍV miðað við nemendur í öðrum skólum en kvíði hefur aukist töluvert en er á pari við landsmeðaltal. Kvíði hefur hins vegar meira í umræðunni á síðustu misserum og nemendur líklega upplýstari og skoða eigin líðan Einnig þarf að skoða skilgreiningu á hugtakinu kvíði.
- Svefnleysi nemenda er mikið áhyggjuefni - Margrét Lára Viðarsdóttir verður með fyrirlestur á vorönninni um mikilvægi svefns og skoðaðar verða aðrar leiðir til þess að aðstoða nemendur sem eru í þessum vanda.
- Einelti, áreitni og ofbeldi – FÍV er fyrir ofan viðmiðin. Þetta kom stjórnendum á óvart og sama á við um kennara og nemendafélag skólans. Þetta sýnir okkur hvað þetta getur verið falinn vandi. Stúlkur eru mun líklegri til að upplifa einelti en drengir. Nemendur upplifa baktal og útilokun. Leita þarf leiða til að draga úr einelti. Samtal við aðra skóla sem fengu svipaðar niðurstöður hefur verið hafinn. Unnið verður með þetta áfram. Spurningum velt upp um skilgreiningu á einelti sbr. Samskiptavandi. En allir sammála um að einn nemandi sem upplifir einelti er einum nemanda og mikið. Markmið og aðgerðir í eineltisáætlun skólans varða tekin til skoðunar og uppfærð. Svo mætti líka skoða tenginu á milli aukinnar vanlíðanar og aukins eineltis. Kynferðislegri áreitni og ofbeldi er minna í FÍV en á landsvísu en skólinn er með jafnréttisstefnu og áætlun sem vinnur með þennan hluta.

Skipulag vorannar

- Skráðir nemendur 15. desember á vorönn eru 201 en skólinn fær greitt með 190 nemendum sbr. 200 á haustönn (niðurskurður). Fækkun á nemendagildum á landsvísu er töluverð.
- Hlutfall nemenda á brautum er svipað og áður.

- Nám í múriðn verður kennt í lotum og mikil aðsókn þannig að brautin er fullbókuð.

Fjárlög skólans

- Dreigið verður úr fjárveitingum til skólans um rúmar 4 milljónir. 432 milljónir í stað 436 eins og gert var ráð fyrir. Skólinn skilar hagnaði eftir þetta skólaár og hann verður nýttur til þess að halda rekstrinum réttu megin við núllið.

Fundi slitið 13:05